

Ytra mat
listdansskóla
Haust 2022



MENNTAMÁLASTOFNUN

Ytra mat listdansskóla
Haust 2022

ISBN 978-9979-0-2856-7

©2022 Hanna Hjartardóttir og Katrín Johnson

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2023 rafræn

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Efnisyfirlit

Niðurstöður heildarmats á grunnnámi	
ríkisstyrktra listdanskóla	4
Gæði náms	4
Inntak náms með tilliti til aðalnámskrár	5
Framsetning markmiða og náms	5
Aðstaða nemenda og kennara	5
Aðkoma forsjáraðila	6
Samantekt	6
Upplýsingar um Listdanskóla JSB	7
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	8
Stjórnun, stefnumótun og forysta	8
Skólanámskrá	8
Skólabragur og mannauður	8
Samstarf við forsjáraðila nemenda	8
Þáttur 2 – Nám og kennsla	10
Inntökuskilyrði, uppbygging náms og námsmat	10
Agi, velferð og líðan nemenda	10
Þáttur 3 – Innra mat	12
Upplýsingar um Klassíska listdanskólann	13
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	14
Stjórnun, stefnumótun og forysta	14
Skólanámskrá	14
Skólabragur og mannauður	14
Samstarf við forsjáraðila nemenda	15
Þáttur 2 – Nám og kennsla	16
Nám, inntak og skipulag kennslu	16
Inntökuskilyrði, uppbygging náms og námsmat	16
Agi, velferð og líðan nemenda	16
Þáttur 3 – Innra mat	17
Upplýsingar um Listdanskólann Óskandi	18
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	19
Stjórnun, stefnumótun og forysta	19
Skólanámskrá	19
Skólabragur og mannauður	19
Samstarf við forsjáraðila nemenda	20
Þáttur 2 – Nám og kennsla	21
Nám, inntak og skipulag kennslu	21
Inntökuskilyrði, uppbygging náms og námsmat	21
Agi, velferð og líðan nemenda	21
Þáttur 3 – Innra mat	23
Upplýsingar um Listdanskóla Íslands	24
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	25
Stjórnun, stefnumótun og forysta	25
Skólanámskrá	25
Skólabragur og mannauður	25
Samstarf við forsjáraðila nemenda	26
Þáttur 2 – Nám og kennsla	27
Nám, inntak og skipulag kennslu	27
Inntökuskilyrði, uppbygging náms og námsmat	27
Agi, velferð og líðan nemenda	27
Þáttur 3 – Innra mat	29
Viðauki	30
Gæðaviðmið listdanskóla haustið 2022	30

Niðurstöður heildarmats á grunnnámi ríkisstyrktra listdansskóla

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Listdansskólum sem fór fram á haustönn 2022. Um er að ræða ytra mat á framkvæmd grunnnáms í listdansi í þeim listdansskólum sem notið hafa fjárstuðnings ráðuneytisins vegna grunnnáms í listdansi. Skólarnir eru Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar, Listdansskóli Íslands, Danslistarskóli JSB, Klassíski listdansskólinn og Óskandi. Niðurstöður verða meðal annars nýttar til að móta framtíðarskipan listnáms á grunnstigi. Ekki reyndist unnt að framkvæma ytra mat á Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar á haustönn þar sem ekki náðist að ráða kennara til að kenna grunnnám í listdansi.

Markmið ytra matsins er að kanna gæði grunnnáms í listdansi hjá þeim listdansskólum sem notið hafa fjárstuðnings ráðuneytisins vegna kennslu á grunnstigi með því að kortleggja meðal annars gæði náms, inntak með tilliti til aðalnámskrár, framsetningu markmiða og mats, kennsluáætlana og aðstöðu nemenda og kennara. Framkvæmd og niðurstöður ytra matsins voru byggðar á gæðaviðmiðum sem unnin voru út frá aðalnámskrá listdansskóla (2006). Matsaðilar fóru í vettvangsheimsóknir, tóku rýnihópaviðtöl við nemendur, kennara, stjórnir skólanna og forsjáraðila. Viðtal var tekið við skólustjóra og spurningakönnun send til allra forsjáraðila.

Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Matsaðilar byggðu einnig niðurstöður á skólanámskrám viðkomandi skóla, framsetningu markmiða, námsgögnum, námsmati, og kennsluáætlunum. Einnig var lagt mat á menntun og starfsreynslu starfsfólks, aðstöðu og aðbúnað kennara og nemenda, inn-tökuskilyrði viðkomandi skóla, skólabrag, samskipti, líðan og aga, auk foreldrasamstarfs.

Gæði náms

Í öllum skólunum sáu matsaðilar að metnaður var lagður í starf kennara og nám nemenda.

Matsaðilar fylltu út sérstök vettvangseyðublöð fyrir hverja kennslustund sem voru skoðaðar. Fram kom að við listdansskólana starfa hæfir kennarar sem eru góðar fyrirmyndir fyrir nemendur sína og fara eftir reglum um útfærslu hreyfinga. Kennarar hafa góða þekkingu á því kennslu- og tæknikerfi sem skólarnir starfa eftir, meðal annars Vaganova. Kennarar hvetja, hrósa og veita hverjum og einum nemanda sérstaka athygli.

Fram kom á vettvangi og í rýnihópaviðtölum við nemendur að faglegur agi er til staðar, nemendur sýna námi sínu mikinn áhuga og eru virkir í kennslustundum. Einnig kom fram að samskipti kennara og nemenda eru jákvæð, uppbyggileg og hvetjandi. Kennarar eru vel menntaðir, allir hafa lokið námi í listdansi, margir hafa lokið háskólanámi í listdansi og nokkrir hafa kennsluréttindi. Þá hafa þeir tekið þátt í alls kyns viðburðum í listdansi innan lands og utan.

Inntak náms með tilliti til aðalnámskrár

Allir listdanssskólarnir starfa samkvæmt aðalnámskrá Listdanssskóla (2006) auk þess sem þeir setja fram sína sérstöðu sem kemur fram í skólanámskrá hvers skóla. Skólanámskrárnar voru allir endurnýjaðar síðastliðin tvö ár og að sögn stjórnenda, er það oftast gert á hverju ári. Fram kom í könnun Menntamálastofnunar til forsjáraðila að þeir virðast almennt ekki kynna sér skólanámskrána og bentu matsaðilar á að skólarnir þyrftu að huga að því að kynna þær betur. Einn af fjórum skólunum uppfyllir ekki viðmið aðalnámskrár um fjölda kennslustunda á viku. Náms og efnisatriði kennslu námsþátta er í samræmi við aðalnámskrá listdanssskóla.

Framsetning markmiða og náms

Kennsluáætlanir liggja fyrir hjá skólunum, matsaðilar fengu þær í hendur ef óskað var eftir. Markmið námsins er að undirbúa nemendur undir framhaldsnám í ballett, bæði í framhaldsskóla og háskóla. Þeir skólar sem hafa elstu nemendurnar eru allir með tengsl við Menntaskólann í Hamrahlíð en einnig fleiri framhaldsskóla. Fram kom í viðtölum að markmið með kennslunni er einnig að verða við óskum nemenda sem fyrst og fremst eru í námi ánægjunnar vegna en ekki endilega að huga að framhaldsnámi svo og að virkja sköpunarþörf nemenda.

Mat á stöðu nemenda fer formlega fram á hvorri önn í öllum skólum. Skriflegt mat er í lok vora en í sumum tilfellum eftir haustönn. Matinu er fylgt eftir með foreldraviðtölum og þar rætt um framgang náms og líðan nemenda. Nemendur setja sér gjarnan markmið, að þeirra sögn, auk þess sem kennarar ræða markmið við nemendur.

Aðstaða nemenda og kennara

Umhverfi nemenda er í öllum tilfellum öruggt, heilnæmt og vistvænt. Í öllum skólunum eru kennslurými með speglaveggjum og ballettstangir með tilliti til hæðar nemenda meðfram veggjum. Hljómflutningstæki eru til staðar og í einum skóla voru píanó í öllum sölum en vegna skorts á fjármagni hefur ekki verið ráðinn undirleikari. Búningsaðstaða er til staðar í öllum skólunum þar sem nemendur hafa aðgang að sturtu. Aðstaða fyrir kennara er með mismunandi hætti. Í öllum skólunum er rýmingaráætlun fyrir hendi en er ekki sjáanleg í kennslurýmum nema í einum skóla. Brunavarnir og heilbrigðiseftirlit koma reglulega og taka út aðstöðu skólanna.

Nemendafélag er ekki starfandi nema í einum skóla, í öðrum hafði slíkt verið fyrir „Covid“ og var ætlunin að endurlífga það í vetur. Almennt er ekki leitað formlega eftir hugmyndum nemenda til dæmis með könnunum eða fundum en það kom fram í rýnihópum nemenda og kennara að iðulega eru nýtt tækifæri í kennslustundum til að ræða ýmis mál efni við nemendur.

Aðkoma forsjáraðila

Í könnun sem Menntamálastofnun sendi til allra forsjáraðila kom fram að þeir eru ánægðir með skólana og námið. Þeir telja að barnið njóti námsins í skólanum, sé hvatt af kennurum og taki framförum. Foreldrafélag er starfandi við þrjá skóla og fram kom að þau aðstoða við sýningar, safna styrkjum fyrir utanlandsferðir (keppnir) og styrkja kaup á húsgögnum svo eitt-hvað sé nefnt.

Í könnun Menntamálastofnunar og í rýnihópaviðtölum við forsjáraðila kom fram að í engum skólanna er leitað formlega eftir hugmyndum og ábendingum vegna innra starfs skólanna til dæmis með könnunum eða formlegum samræðufundum. Sama gildir um að móta sýn og stefnu skólanna. Hins vegar kom fram að þegar forsjáraðilar koma með ábendingar til skólastjórnenda er þeim vel tekið.

Samantekt

Eftir mat á listdanskólunum stendur upp úr allt það góða starf sem unnið er á hverjum stað. Alls staðar mátti sjá sama metnað. Starfsfólk, forsjáraðilar og nemendur á hverjum stað lýstu ánægju sinni með námið og gæði þess. Faglegur agi var til staðar í öllum skólunum og ánægja og virkni nemenda í kennslustundum fór ekki fram hjá matsaðilum.

Allir skólarnir voru með skólanámskrá sem byggði á aðalnámskrá listdanskóla (2006) og allir nema einn þeirra uppfylltu viðmið aðalnámskrár um fjölda kennslustunda. Kennsluáætlanir til skemmri og lengri tíma lágu fyrir á hverjum stað og markmið allra skólanna var að mennta nemendur sem uppfylltu skilyrði til framhaldsnáms í listdansi.

Aðstaðan í öllum listdanskólunum var góð og allur nauðsynlegur búnaður til staðar, auk þess sem nemendur höfðu öll aðgang að búningsherbergjum og sturtum. Aðstaða kennara var hins vegar oft og tíðum ábótavant.

Fram kom í könnun Menntamálastofnunar og rýnihópaviðtölum að ánægja forsjáraðila með námið var mikil en aðkoma þeirra að innra starfi og stefnumótun var takmörkuð.

Allir stjórnendur tjáðu sig um nauðsyn þess að gerður yrði formlegur rekstrarsamningur við ríkið um grunnnámið, eins og er í framhaldsnáminu. Þá kom einnig fram í öllum skólunum að fjárskortur hamlar starfsemi skólanna, sum staðar alvarlega, svo sem til stækkunar á húsnæði, endurnýjun búnaðar og tækja og tækifæri á gestakennslu til að auka fjölbreytni.

Innra mat er ekki lögbundið í aðalnámskrá listdanskóla, sumir skólanna eru þó með skráð innra mat en aðrir ekki. Allir skólarnir meta starfið á einhvern hátt en ekki formlega og markvisst. Skoða þarf hvort setja eigi ákvæði um formlegt innra mat í aðalnámskrá listdanskóla þar sem fram koma markmið, leiðir, viðmið og umbætur til þróunar og eflingar skólastarfsins.

Upplýsingar um Listdansskóla JSB

Danslistarskóli JSB var stofnaður árið 1967 og hefur starfað óslitið síðan, í ár fagnar skólinn 55 ára starfsafmæli. Skólinn hóf kennslu í grunnnámi í listdansi samkvæmt aðalnámskrá listdansskóla haustið 2006. Danslistarskóli JSB er til húsa að Lág múla 7-9 í Reykjavík.

Helstu einkunnarorð JSB eru dansgleði og metnaður. Lögð er áhersla á að nemendum og kennurum líði vel og dafni sem listamenn í skapandi umhverfi. Sterkt skólasamfélag innan veggja JSB gengur út á að allir upplifi sig velkomna. Í skólanum eru 188 nemendur á grunnstigi á haustönn 2022.

Fjöldi nemenda eftir námshópum:

Aldur	6 ára	7 ára	8 ára	9 ára	10 ára	11 ára	12 ára	13 ára	14 ára	15 ára
Fjöldi í námshópi	15	24	25	25	0	8	24	18	20	30

Stjórnendur eru þrír og kennarar eru 11, einn af þeim er leiðbeinandi. Annað starfsfólk skólans er í þremur stöðugildum.

Skrá yfir menntun og starfsreynslu kennara á grunnstigi

Allir kennarar Danslistarskóla JSB hafa lokið prófi frá listdansbrautum í íslenskum listdansskólum og fjórir þeirra hafa lokið dansnámi á háskólastigi á Íslandi eða erlendis. Flestir kennararnir hafa starfað sem danskennarar í tvö til sex ár en einn þeirra hefur yfir 20 ára starfsreynslu.

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnun, stefnumótun og forysta

Skólastjóri stjórnar og ber ábyrgð á starfsemi listdansskólans ásamt því að veita faglega forystu. Að mati allra viðmælenda er daglegt starf vel skipulagt. Stjórnendur halda fund með kennurum í byrjun hvorrar annar skólaársins auk þess að vera með fundi þess á milli þegar þörf er á. Kennarar hittast reglulega og ræða fagleg málefni og deila upplýsingum og hugmyndum. Stjórnendur og kennarar hafa miklar væntingar til náms nemenda sinna. Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum.

Helstu upplýsingar um starfsemi skólans má sjá á heimasíðu en foreldrar fá fyrst og fremst skilaboð frá skólanum í gegnum Sportabler sem er hugbúnaður til að halda utan um skipulag og samskipti milli skóla og forsjáraðila. Foreldrafélag er ekki starfandi. Húsnæði skólans hæfir starfinu og umhverfi nemenda er öruggt, heilnæmt og vistvænt og vinnuaðstaða góð.

Skólanámskrá

Skólanámskrá er á heimasíðu þar sem fram koma markmið náms, viðmið um námsmat og fyrirkomulag skólastarfsins, sem er að flestu leyti í samræmi við markmið aðalnámskrár ásamt sérhæfðum áherslum skólans sem er kennsla í djasdansi. Þar er fjallað um nemendasýningar og skólareglur.

Skólabragur og mannauður

Fram kom á vettvangi að kennarar starfa eftir aðalnámskrá listdansskóla og áherslum í skólanámskrá listdansskólans. Þeir sýna starfinu áhuga og eru metnaðarfullir. Kennarar koma fram við nemendur af virðingu og umhyggju og samskipti eru jákvæð. Í rýnihópum kennara kom fram að þeir hafa trú á gæðum skólans og námsins, þeim líður vel í starfi og upplifa hópinn sem sterka heild.

Samstarf við forsjáraðila nemenda

Menntamálastofnun sendi rafræna könnun til allra forsjáraðila þar sem spurt var um líðan nemenda í skólanum, afstöðu til námsins og samskipti við skólann. Auk þess var haldinn rýnihópafundur með forsjáraðilum. Í heildina má segja að forsjáraðilar eru ánægðir með skólann, telja að honum sé vel stjórnað og einnig sé lögð áhersla á jákvæðni í skólastarfi. Nemendur njóti sanngirni og virðingar og séu hvattir til að leggja sig fram og taka framförum.

Hins vegar telja forsjáraðilar að þeir hafi litla aðkomu að stefnumörkun í skólanum og sjónarmiða þeirra sé ekki leitað til dæmis með könnunum eða í rýnihópum.

Styrkleikar

- Við stjórnun er lögð áhersla á jákvæð samskipti.
- Litið er á starfsmannahópinn sem eina liðsheild.
- Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.
- Skólanámskrá er nýlega uppfærð og opinber.

- Skólinn hefur sett fram sérhæfð markmið sem birt eru í skólanámskrá.
- Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- Aðstæður til kennslu eru góðar og umhverfi nemenda öruggt og heilnæmt.
- Kennarar hafa góða þekkingu á því tækni kerfi sem skólinn styðst við.
- Forsjáraðilar eru jákvæðir í garð skólans, hafa trú á gæðum listdansnámsins.

Tækifæri til umbóta

- Stofna foreldrafélag eins og aðalnámskrá kveður á um.
- Leita reglulega eftir sjónarmiðum forsjáraðila um skólastarfið.
- Kynna skólanámskrá og þar með stefnu skólans formlega fyrir nemendum og foreldrum.
- Skrá ferla til lausnar ágreinings- og eineltismála.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Nám, inntak og skipulag kennslu

Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg á vettvangi. Kennslan beinist að því að þjálfa nemendur í líkamlegri færni og þroska þá sem sjálfstæða og skapandi einstaklinga. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og sjá má á vettvangi að viðfangsefni eru vel skipulögð. Jákvæð hvatning, viðurkenning og vellíðan nemenda er í fyrirrúmi. Nám og efnisatriði í kennslu námsþátta er að flestu leyti í samræmi við lýsingar í aðalnámskrá. Þjóðdansar eru ekki á efnisskrá en jassdans kemur í stað þeirra.

Inntökuskilyrði, uppbygging náms og námsmat

Nemendur á grunnstigi hefja að jafnaði nám við níu ára aldur og þreyta þá inntökupróf. Formleg stöðupróf eru þreytt í lok 3. og 7. stigs og almennt stöðumat í lok hvorrar annar á öllum stigum. Við lok skólaárs fá allir nemendur umsögn um hæfni sína í öllum listdansgreinum. Kennslan byggir á viðurkenndum kennslu- og tæknikerfum. Í spuna fá nemendur tækifæri til að virkja sköpunarhæfileika sína. Nemendur koma fram á danssýningu á hverju vori. Auk þess er foreldrum boðið að koma á opna tíma fyrir jól þar sem nemendur sýna hæfni sína. Þá taka nemendur þátt í ýmsum viðburðum eins og Barnamenningarhátíð, Dance World Cup (danskeppni) og Unglist. Fram kom í viðtali við skólustjóra að ekki sé unnt að hafa fjölda kennslustunda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá vegna ónógra fjárstyrkja frá ríkinu. Þá er ekki formlegur samningur við ríkið um fjárframlag til grunnstigs og því er óljóst á ári hverju hve mikið fjármagn stofnunin fær frá ríkinu. Þetta fyrirkomulag gerir það að verkum að ekki er hægt að skipuleggja starfið á markvissan hátt á hverju ári.

Agi, velferð og líðan nemenda

Velferð og hagur nemenda eru leiðarljós í starfi listdansskólans. Nemendur eru áhugasamir og að sögn nemenda í rýnihópi líður þeim vel og viðhorf þeirra til skólans og námsins er jákvætt. Þeir segjast geta komið með hugmyndir, leita þá til kennara eða stjórnenda og alltaf er tekið vel í þær en formlegar skoðanakannanir hjá nemendum eru ekki gerðar. Í upphafi skólaárs ræða kennarar gjarnan við nemendur um markmið náms. Hvetja þá til dæmis til að setja sér einhver tvö markmið sem síðan er rætt um í nemenda- og foreldraviðtölum og sett ný ef hinum hefur verið náð.

Styrkleikar

- Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg á vettvangi.
- Skipulag kennslu er gott og námstími vel nýttur.
- Samskipti kennara og nemenda eru uppbyggileg og hvetjandi.
- Hverjum nemanda er veitt sérstök athygli.
- Stöðupróf fara fram reglulega.
- Nemendur koma reglulega fram á danssýningum.
- Nemendur sýna starfi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.

- Faglegur agi er til staðar við nám nemenda í kennslustundum.
- Nemendum líður vel í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Leitast við að hafa kennslutíma í samræmi við viðmiðunar stundaskrá aðalnámskrár.
- Leita formlega eftir sjónarmiðum nemenda.

Þáttur 3 – Innra mat

Innra mat skólans felst einkum í mati á námi nemenda. Þar er um að ræða símat sem fer fram í hverri kennslustund en einnig með stöðuprófum í lok hvers annar.

Í foreldraviðtölum geta forsjáraðilar komið á framfæri hugmyndum sínum og sjónarmiðum um námið en formlegar kannanir á viðhorfum forsjáraðila og nemenda fara ekki fram. Kennarar hittast reglulega og ígrunda stöðu námsins, hvetja hver annan og skiptast á hugmyndum.

Upplýsingar um Klassíska listdansskólann

Skólinn var stofnaður árið 1993. Hann er til húsa á tveimur stöðum það er Grensásvegi 14 og í Álfabakka 14a (Mjóddinni). Einkunnarorð skólans eru hvatning, metnaður, árangur.

Í skólanum eru 104 nemendur á haustönn og skiptast þannig eftir aldri:

Aldur	3–4 ára	5 ára	6–7 ára	8–10 ára	11–12 ára	13–14 ára	15–25 ára
Fjöldi í námshópi	13	7	17	12	16	19	20

Stjórnendur eru sex: skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar og verkefnastjórar og allir stjórnendur sinna einhverri kennslu. Kennarar eru átta og margir þeirra eru í hlutastarfi allt niður í örfáa tíma á viku. Allir kennararnir hafa lokið prófi í listdansi og flestir þeirra hafa starfað við skólann í tvö til sex ár.

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnun, stefnumótun og forysta

Skólastjóri hefur miklar væntingar til náms nemenda. Hann veitir faglega forystu og hvetur til samstarfs og samræðu. Fram kom í viðtölum við stjórnendur og kennara að stjórnendur fylgjast með námi og kennslu og veita endurgjöf. Skólastjóri ber ábyrgð á starfsemi listdansskólans og stuðlar að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Skólastjóri sér til þess að foreldrafélag sé starfandi við skólann og byggir upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið.

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu. Fram kom í viðtölum við stjórnendur og kennara að ágreiningur, ef upp kemur, er leystur og leitast er við að leysa hann sem fyrst og innan skólans. Skriflegir verkferlar um meðferð ágreinings- og eineltismála eru ekki birtir opinberlega en fjallað er um eineltismál í siðareglum kennara, sem skólinn hefur gert og allir undirrita. Kennarafundir eru í byrjun annar og fyrir sýningar en fundir stjórnenda reglulega þess á milli auk þess sem þeir hafa spjallþráð sín á milli.

Húsnæði tekur mið af forsendum listdanskennslu en að sögn skólastjóra væri æskilegt að stækka það og fá betri aðstöðu fyrir starfsfólk.

Skólanámskrá

Í skólanámskrá er námið útfært í samræmi við markmið aðalnámskrár fyrir listdans auk þess sem sett eru fram séhæfð og staðbundin markmið skólans með listdanskennslu. Gerð er grein fyrir hvernig framvindu náms er háttað og hvernig námsmat fer fram. Reglur fyrir nemendur eru birtar í skólanámskrá og fjallað um fyrirkomulag nemendasýninga. Þær eru settar upp fyrir jól og á vorin en auk þess taka nemendur meðal annars þátt í Barnamenningarhátíð, Unglist og safnanótt.

Skólanámskrá er á heimasíðu og kynning á henni fer fram á skólasetningu að hausti.

Umhverfi nemenda er öruggt og heilnæmt. Að sögn viðmælenda er rætt um rýmingaráætlun, viðbrögð við jarðskjálftum og fleiru í upphafi skólaárs en skráð rýmingaráætlun er ekki í kennslurýmum.

Skólabragur og mannauður

Kennarar sýna starfinu áhuga og eru metnaðarfullir. Þeir starfa í anda aðalnámskrár listdansskóla og áhersla í skólanámskrá listdansskólans. Þeir nálgast nemendur á jákvæðan hátt og sýna umhyggju og þolinmæði. Fram kemur í viðtölum að kennarar eru ánægðir í starfi og upplifa sig sem hluta af liðsheild og hafa trú á gæðum listdansskólans.

Nemendafélag var starfandi í skólanum fyrir „Covid“ og eru væntingar um að endurreisa það á þessu skólaári. Skólinn er í formlegu samstarfi við annan listdansskóla, Óskanda auk þess að vera í tengslum við Listaháskóla Íslands og Menntaskólann í Hamrahlíð.

Samstarf við forsjáraðila nemenda

Litið er á forsjáraðila sem samstarfsaðila og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra og þau virt við ákvarðanatöku. Fram kemur í viðtölum við stjórnendur, kennara og forsjáraðila að samstarf heimila og listdansskólans er gott og byggist á samábyrgð, gagnkvæmri upplýsingamiðlun, virðingu og trausti. Í könnun Menntamálastofnunar sem send var til allra forsjáraðila kemur fram að þeir hafa jákvætt viðhorf til skólans og trú á gæðum listdansins. Foreldrafélag er starfandi og sér t.d. um jólaball nemenda, safnar styrkjum á ýmsan hátt vegna keppnis- og sýningarferða og leggur ýmislegt af mörkum varðandi sýningar.

Styrkleikar

- Við stjórnun er lögð áhersla á jákvæð samskipti.
- Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf.
- Skólastjóri sér til þess að upplýsingum og fréttum af starfinu sé miðlað á heimasíðu, í tölvupósti og í gegnum Sportabler.
- Skólinn er í formlegu samstarfi við annan listdansskóla og við skóla á framhalds- og háskólastigi.
- Markmið náms eru greinargóð og byggja á aðalnámskrá.
- Nemendasýningar eru reglulega.
- Áherslur í skólanámskrá endurspeglast í kennsluháttum.
- Kennarar koma fram við nemendur af virðingu og umhyggju og samskipti eru jákvæð.
- Forsjáraðilar hafa jákvætt viðhorf til skólans.
- Forsjáraðilar taka virkan þátt í skólastarfinu og í atburðum á vegum skólans.

Tækifæri til umbóta

- Skrá ferla til lausnar ágreinings- og eineltismála.
- Hafa rýmingaráætlun sýnilega í kennslurýmum.
- Tilgreina verksvið foreldrafélags í skólanámskrá.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Nám, inntak og skipulag kennslu

Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg í vettvangsathugunum. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og stjórn nemendahópa og námstími er vel nýttur. Á fyrstu stigum er kennslan brotin upp með leikjum og spuna. Jákvæð hvatning og vellíðan nemenda er í fyrirrúmi og hverjum nemanda veitt sérstök athygli. Nám og efnisatriði í kennslu námsþátta er í samræmi við lýsingar í aðalnámskrá.

Inntökuskilyrði, uppbygging náms og námsmat

Kennsla fer fram á öllum stigum grunnnáms og stöðupróf fara fram reglulega. Nemendur þreyta ekki inntökupróf en þess er gætt að hver og einn sé í hópi sem hentar best miðað við getu, samhæfingu hreyfinga, skynjun tónlistar og líkamlega færni.

Stúlkum er kennd klassísk táskótækni frá og með 4. stigi og klassískur ballett er meginundirstaða náms á öllum stigum. Nútímadans er hluti af námi nemenda en annað svo sem þjóðdansar og karakterdansar er tekið fyrir á námskeiðum auk þess sem karakterdansar fléttast gjarnan inn í nemendasýningar. Í spuna fá nemendur tækifæri til að virkja sköpunarhæfileika sína.

Í skólanámskrá kemur fram að námsmat byggist á kennaramati, sjálfsmati og jafningjamati. Stöðumat fer fram í lok hverrar annar og á haustönn fá nemendur munnlegan vitnisburð í foreldraviðtali en að vori fá þeir skriflega umsögn frá kennara.

Agi, velferð og líðan nemenda

Velferð og hagur nemenda er leiðarljós í starfi listdansskólans. Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum. Í rýnihópi nemenda kom fram að nemendur eru áhugasamir og þeim líður vel í skólanum. Viðhorf þeirra til skólans og námsins er jákvætt. Einu sinni á önn er formlega (skriflega) leitað sjónarmiða nemenda um nám og líðan. Í árlegu viðtali við forsjáraðila og nemendur er rætt um framgang námsins og líðan hjá hverjum og einum nemenda.

Styrkleikar

- Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og stjórn nemendahópa.
- Kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur.
- Kennarar eru meðvitaðir um hlutverk sitt sem fyrirmyndir.
- Nám og efnisatriði í kennslu eru í samræmi við lýsingar í aðalnámskrá.
- Stöðumat fer fram reglulega, tvisvar á ári.
- Kennt er út frá viðurkenndum kennslu- og tæknikerfum.
- Nemendur koma reglulega fram á danssýningum.
- Nemendur fá kennslutíma í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár.
- Faglegur agi er til staðar í kennslustundum.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Þáttur 3 – Innra mat

Innra mat skólans fer fram með ýmsum hætti. Fyrst og fremst er þar um að ræða mat á námi nemenda sem byggist á símati kennara í öllum kennslustundum. Stöðumat er tekið í lok annar og þar meta skólastjóri og kennarar sem kenna ekki viðkomandi fag eða námshópi stöðu nemenda.

Einu sinni á ári gera nemendur formlegt sjálfsmat og í skólanámskrá kemur fram að einnig sé jafningjamat hluti af námsmati skólans. Á vettvangi sáu matsaðilar slíkt mat þegar nemendur voru paraðir saman, tveir og tveir, dönsuðu hvor fyrir annan og ræddu síðan saman og mátu dansinn hvor hjá öðrum.

Í nemenda- og foreldraviðtölum sem eru að lokinni haustönn gefst forsjáraðilum kostur á að koma með hugmyndir og ábendingar varðandi námið.

Að sögn allra viðmælenda eru stjórnendur mjög sýnilegir og auðvelt að koma í óformlegt spjall varðandi hvaðeina sem snýr að námi nemenda. Í rýnihópi kennara kom fram að forsjáraðilar eru hvattir til að koma í skólann og fylgjast með starfinu.

Upplýsingar um Listdansskólann Óskandi

Óskandi er einkarekinn dansskóli á Eiðistorgi, Seltjarnarnesi. Skólinn er sjálfstæð eining undir Dansgarðinum (Samtök um dansmenntun og dansfræðslu) og er í nánú samstarfi við Klassíska listdansskólann. Í skólanámskrá kemur fram að hlutverk skólans er að bjóða upp á jákvætt, faglegt og uppbyggilegt skólaumhverfi með viðeigandi og gagnlegri námskrá miðað við aldur og þroska.

Einkunnarorð skólans eru *samvinna, vellíðan, metnaður og sköpun*. Allir þessir þættir einkenna skólann og eru hafðir að leiðarljósi í starfsemi hans. Gildi einkunnarorðanna eru gerð nánari skil í skólanámskrá. Í skólanum eru 150 nemendur á haustönn 2022 og þar af 25 nemendur í fullu grunnnámi í listdansi. Fjöldi nemenda í fullu námi í grunnnámi í listdansi er:

Aldur	8–10 ára	10–12 ára	11–14 ára
Fjöldi í námshópi	9	8	8

Í grunnnámi í listdansi í skólanum starfa einn stjórnandi (skólastjóri) og fimm kennarar. Allir kennarar eru verktakar og í mismunandi starfshlutfalli, allt frá því að kenna örfáa tíma á viku. Allir hafa lokið námi í listdansi og fjórir þeirra hafa lokið háskólanámi í listdansi auk þess sem tveir eru með kennsluréttindi frá HÍ og LHÍ og sá þriðji lýkur meistaranámi í kennsluréttindum næsta vor.

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnun, stefnumótun og forysta

Skólastjóri ber ábyrgð á starfsemi listdansskólans og veitir faglega forystu. Skólastjóri vinnur markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Fram kom í viðtölum við stjórnendur og kennara að skólastjóri fylgist með námi og kennslu, veitir endurgjöf og hvetur kennara til að efla sig faglega.

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru á heimasíðu. Skólinn nýtir samskiptaforritið Sportabler í samskiptum við forsjáraðila auk þess sem sendur er tölvupóstur. Að sögn forsjáraðila í rýnihópi er upplýsingamiðlun greið og góð.

Að mati skólastjóra eru samskipti við foreldrafélag og forsjáraðila góð og gagnvirk enda skiptir það miklu hvað varðar farsælt skólastarf að; stjórnendur, forsjáraðilar, nemendur og starfsfólk vinni saman. Líðan nemenda er ætíð í brennidepli.

Skólinn er í formlegu samstarfi við Klassíska listdansskólann.

Skólanámskrá

Skólanámskráin er á heimasíðu og uppfærð árlega. Þar koma fram markmið náms og fyrirkomulag skólastarfsins. Námið er útfært í samræmi við markmið aðalnámskrár fyrir listdans ásamt því að þar eru sett fram sérhæfð markmið svo sem hugardans (braindance) þar sem unnið er með hreyfimunstur barna fyrsta árið og mikilvægi þess tímabils fyrir þroska heila- og miðtaugakerfis. Hugardans er fyrst og fremst notaður í upphafi kennslustunda.

Fjallað er í skólanámskrá um fyrirkomulag nemendasýninga en þær eru í lok haust- og vorannar auk þess sem nemendur taka þátt í ýmsum sýningum svo sem DWC (Dance World Cup) og barnamenningarhátíð. Þess á milli eru smærri sýningar sem dæmi hafa nemendur verið með sýningar á Eiðistorgi. Í skólanámskrá er fjallað um reglur skólans og fram kom í viðtölum að forsjáraðilar og nemendur þekkja þær.

Fylgst er með því að aðbúnaður skóla sé öruggur, bæði hvað varðar heilbrigðis- og brunavarnir. Rýmingaráætlun er rædd milli skólastjóra og kennara og er sýnileg á gangi (almennt rými) en ekki í kennslurýmum.

Að mati allra í rýnihópum er tekið vel á ágreiningsmálum, ef upp koma, og þau leyst innan skólans. Í siðareglum kennara, sem allir kennarar skrifa undir, er meðal annars fjallað um eineltismál en þessar reglur eru ekki á heimasíðu.

Skólabragur og mannauður

Kennarar starfa í anda aðalnámskrár listdansskóla. Á vettvangi var sýnilegt að þeir sýna starfinu áhuga og eru metnaðarfullir. Þeir nálgast nemendur á jákvæðan hátt og sýna umhyggju og alúð. Í rýnihópi kennara kom fram að þeir hafa trú á gæðum listdansskólans og eru ánægðir með skýra stefnu skólans.

Að sögn skólastjóra eru kennarar verktakar sem starfa einnig á öðrum stöðum. Það getur hamlað starfinu til dæmis varðandi fjölda kennarafunda, möguleika á að starfa í teymum og að geta

verið með faglega ígrundun. Með mánaðarlegum óformlegum fundum er leitast við að styrkja liðsheildina. Það kom fram í viðtölum að kennarar eru ánægðir og þeim líður vel í starfi.

Samstarf við forsjáraðila nemenda

Litið er á forsjáraðila sem samstarfsaðila, samstarfið við þá er gott og byggist á samábyrgð, virðingu og trausti. Foreldrafélag er starfandi (í samstarfi við Klassíska listdansskólann) og það tekur þátt í að byggja upp gott skólastarf og skapa jákvæðan skólabrag.

Í könnun sem Menntamálastofnun sendi öllum forsjáraðilum kemur fram að þeir hafa jákvætt viðhorf til skólans, eru ánægðir með viðmót starfsfólks og hafa trú á gæðum listdansnámsins. Það kom einnig fram í könnuninni að ef forsjáraðilar koma með hugmyndir eða ábendingar þá er þeim vel tekið en ekki er leitað formlega eftir viðhorfi þeirra svo sem með könnunum.

Það kom fram í könnuninni og í rýnihópi að forsjáraðilar eru ánægðir með upplýsingamiðlun frá skólanum. Forsjáraðilar eru ævinlega boðnir á árlega viðburði skólans og í skólanámskrá kemur fram að í febrúar er svonefnd foreldravika þar sem forsjáraðilum er sérstaklega boðið að koma og horfa á kennslustundir.

Styrkleikar

- Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans.
- Við stjórnun er lögð áhersla á jákvæð samskipti í skólasamfélaginu.
- Samskipti við foreldrafélag eru góð og gagnvirk.
- Upplýsingum og fréttum af starfinu er miðlað á ýmsan hátt.
- Markmið náms eru greinargóð og byggja á aðalnámskrá.
- Skólinn hefur sett fram sérhæfð og staðbundin markmið sem birt eru í skólanámskrá.
- Reglur eru skýrar og forsjáraðilar og nemendur þekkja þær.
- Forsjáraðilar hafa jákvætt viðhorf til skólans og bera traust til skólastjóra og kennara.
- Forsjáraðilar eru ánægðir með upplýsingamiðlun frá skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Gera rýmingaráætlun sýnilega í kennslurýmum.
- Hafa verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála, svo sem eineltis, sýnilegar á heimasíðu.
- Huga að því að leita formlega eftir hugmyndum forsjáraðila um sýn og stefnu skólans.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Nám, inntak og skipulag kennslu

Kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Í vettvangsathugunum er sýnilegt að kennarar eru góðar fyrirmyndir, sýna vönduð vinnubrögð og fara að reglum um útfærslu hreyfinga. Samskipti kennara við nemendur eru jákvæð, uppbyggileg og hvetjandi og hverjum nemanda er veitt sérstök athygli. Á vettvangi sást að kennslan er oft brotin upp með spuna og leikjum enda um að ræða nemendur á fyrsta til fimmta stigi í grunnnámi.

Í skólanámskrá má sjá hvernig grunnpáttum menntunar, sem getið er um í aðalnámskrá grunnskóla, er fléttað inn í starf listdansskólans, sem dæmi um það er læsi sem meðal annars er tengt við líkamsvitund (líkamslæsi).

Inntökuskilyrði, uppbygging náms og námsmat

Nemendur hefja að jafnaði nám á grunnstigi listdansins við níu ára aldur en ekki eru þreytt inntökupróf. Stöðumat fer fram tvisvar á ári og í kjölfar stöðumats eftir fyrri önnina er nemenda- og foreldraviðtal þar sem farið er yfir líðan, stöðu náms og hugað að hvort markmið hafi náðst. Fyrir viðtalið hafa nemendur einnig gert sjálfsmat. Við námsmat er stuðst við aðalnámskrá listdansskóla og þau áfanga- og lokamarkmið sem þar koma fram.

Stúlkum er kennd táskrétækni frá fjórða stigi og fer sú kennsla fram í samvinnu við Klassíska listdansskólann á Grensásvegi. Nemendur fá kennslutíma í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár í klassískum ballett og í nútímadansi fá þeir fleiri kennslustundir en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.

Nemendur koma reglulega fram á danssýningum eins og kom fram í kafla eitt. Á vettvangi sáu matsaðilar æfingar á köflum úr Hnotubrjótnum sem skólinn sýnir fyrir jól í samstarfi við Klassíska listdansskólann.

Agi, velferð og líðan nemenda

Í öllum rýnihópum kom fram að velferð og hagur nemenda er leiðarljós í starfi listdansskólans. Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum og í rýnihópi þeirra kom fram að viðhorf þeirra til skólans og námsins er jákvætt. Með sjálfsmati er leitað sjónarmiða nemenda um líðan og nám.

Styrkleikar

- Kennslufræðileg hæfni kennarar er sýnileg í vettvangsathugunum.
- Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur.
- Kennsla á fyrstu stigum er brotin upp með leikjum, spuna og dansi.
- Stöðupróf fara fram reglulega.
- Kennt er út frá viðurkenndum kennslu- og tæknikerfum.
- Nemendur fá ýmis tækifæri til að koma fram og sýna listdans.

- Faglegur agi er til staðar við nám nemenda í kennslustundum.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendum líður vel í skólanum.

Þáttur 3 – Innra mat

Innra mat hjá Óskanda felst í nokkrum þáttum. Þar má fyrst nefna símat kennara sem fylgjast reglulega með framförum hvers og eins. Stöðumat er gert tvisvar á ári það er að segja í lok anna. Að vori fá nemendur skriflega umsögn og í kjölfar stöðumats eftir fyrri önn eru nemenda- og foreldraviðtöl þar sem rætt er um líðan og stöðu námsins, hvað gengur vel og hvað má bæta. Í nóvember fer fram skriflegt sjálfsmat hjá nemendum og er það líka til umfjöllunar með foreldrum og nemendum.

Á kennarafundi í byrjun hvorrar annar fer fram fagleg umræða og ígrundum og í kjölfar þess ræðir skólastjóri einslega við hvern og einn um starfið.

Upplýsingar um Listdansskóla Íslands

Skólinn var stofnaður árið 1952 og var þá Listdansskóli Þjóðleikhússins. Nú er hann einkarekinn listdansskóli og er staðsettur að Engjateigi 1, Reykjavík.

Gæði, dansgleði og metnaður einkennir starf skólans. Reynsla og menntun kennara stuðlar að því að nemendur sinna námi sínu af metnaði. Stuðst er við kennslukerfi Vaganova í klassískum ballett en í nútímadansi og karakterdönsum er einnig stuðst við ýmis ný kennslukerfi til að ná sem bestum árangri. Í grunndeild skólans eru 68 nemendur á haustönn 2022.

Fjöldi nemenda eftir námshópum:

	1. stig	2. stig	3. stig	4. stig	5. stig	6. stig	7. stig
Aldur	8–10 ára		11–12 ára	12–13 ára	13–14 ára	14–15 ára	15–16 ára
Fjöldi í námshópi	10		11	9	9	15	14

Auk skólastjóra eru starfandi þrjú fagstjórar sem sinna allir kennslu. Kennarar eru 11 og þar af er einn kennari fastráðinn auk fagstjóranna. Einn starfsmaður sinnir öðrum verkefnum. Allir kennarar hafa lokið listdansnámi og hafa eitthvert framhaldsnám að baki, stór hluti með dans-tengdar háskólagráður og meiri hluti þeirra hefur yfir 15 ára starfsreynslu.

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnun, stefnumótun og forysta

Skólustjóri stjórnar starfsemi listdansskólans, ber ábyrgð og veitir faglega forystu. Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara. Reglulegir samstarfsfundir kennara og stjórnenda hafa verið á haustönn. Mat á markmiðum aðalnámskrár og staðbundnum markmiðum skólans eru metin reglulega út frá þeim kennslukerfum sem notuð eru.

Foreldrafélag er starfandi og fundar reglulega og styður starfsemi skólans svo sem með fjáröflunum sem nýttar eru til að bæta aðstöðu nemenda og kennara, má þar nefna kaup á húsgögnum og vatnsvél.

Fram kom í viðtölum við stjórnendur og kennara að þegar upp koma ágreiningsmál, ofbeldismál og/eða eineltismál eru þau sett í ákveðið, óskráð ferli þar sem reynt er að leysa vandann sem fyrst innan skólans. Skráð ferli eru ekki til staðar né birt á heimasíðu. Persónuupplýsingar eins og ráðningarsamningar og niðurstöður námsmats eru geymdar í möppum á skrifstofu skólans. Að sögn skólustjóra hefur ekki verið óskað eftir því við ráðningu að leyfi sé veitt til að sækja upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur hafi hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 95/2019.

Skólinn hefur sett sér stefnu um jákvæða líkamsímynd og líkamsvirðingu samkvæmt aðalnámskrá listdansskóla.

Skólanámskrá

Skólanámskrá skólans var unnin á þessu misseri og sett á heimasíðu skólans meðan á ytra mati stóð. Þar koma fram markmið náms og fyrirkomulag skólstarfsins. Námið er útfært í samræmi við markmið aðalnámskrár fyrir listdans og fjallað um leiðir sem farnar eru til að nemendur nái settum markmiðum auk fyrirkomulags og tímasóknar fyrir hvert stig.

Í skólanámskrá kemur fram hvernig staðið er að námsmati. Reglur skólans eru birtar og reglur um klæðnað og skóbúnað. Í rýnihópi forsjáaraðila og nemenda kom fram að þau þekkja reglurnar. Fylgst er með að aðbúnaður skóla sé öruggur og rýmingaráætlun er sýnileg í opnum rýmum skólans.

Skólabragur og mannauður

Kennarar þekkja aðalnámskrá listdansskóla og starfa í anda hennar. Þeir sýna starfinu áhuga og eru metnaðarfullir. Kennarar sýna frumkvæði og taka ábyrgð í daglegu starfi og viðhorf til viðfangsefna eru lausnamiðuð. Á vettvangi sást að þeir hafa góða faglega þekkingu og koma fram við nemendur af virðingu.

Í öllum rýnihópum kom fram að mikill metnaður ríkir og til staðar eru hefðir og gildi sem hafa verið í hávegum höfð allt frá því er skólinn var tengdur Þjóðleikhúsinu. Allir viðmælendur hafa trú á gæðum skólans og námsins.

Fram kom hjá stjórn skólans og starfsfólki að fjárskortur hamlar mjög starfinu. Þar voru tekin dæmi um þörf á stærra húsnæði svo ekki þyrfti að kenna langt fram á kvöld og um helgar auk

Þess er þörf á endurbótum á húsnæði ásamt fleiru. Þá kom fram að heildarframlög frá Mennta- og barnamálaráðuneyti til Listdansskóla Íslands (uppreiknað með verðlagsvísitölu í apríl 2022) hafa lækkað um rúmlega 50% frá árinu 2006.

Samstarf við forsjáraðila nemenda

Fram kom í rýnihópum að samstarf heimila og listdansskóla er gott og byggist á samábyrgð, virðingu og trausti. Á rýnihópafundi með forsjáraðilum kom fram mikill metnaður varðandi skólastarfið og gildi þess. Forsjáraðilar telja orðspor skólans sterkt. Á fundinum kom einnig fram að með tilkomu samskiptaappsins Sportabler hafi upplýsingagjöf aukist og forsjáraðilar hafi verið hvattir til að stofna hópa á Facebook og leitast þannig við að auka samskiptin enn frekar.

Í könnun sem Menntamálastofnun sendi forsjáraðilum kemur fram jákvætt viðhorf til skólans. Þar kemur einnig fram að ábendingum frá forsjáraðilum er vel tekið en ekki er um formlegar kannanir frá hendi skólans að ræða þar sem leitað er eftir hugmyndum um stefnu og sýn skólans. Í könnuninni kom fram að forsjáraðilar voru sammála um að nemendur tækju stöðugum framförum og væru hvattir til að leggja sig fram.

Styrkleikar

- Við stjórnun er lögð áhersla á jákvæð samskipti.
- Niðurstöður námsmats eru markvisst nýttar til umbóta.
- Foreldrafélag tekur virkan þátt í skólastarfinu.
- Markmið skólans og tímafjöldi er í samræmi við aðalnámskrá listdansskóla.
- Í skólanámskrá er fjallað um leiðir sem eru farnar til að nemendur nái settum markmiðum.
- Í skólanámskrá er gerð ítarleg grein fyrir markmiðum, efnispáttum, kennsluaðferðum og námsmati í hverri tegund listdansa.
- Skólareglur eru skýrar og forsjáraðilar og nemendur þekkja þær.
- Kennarar hafa trú á gæðum skólans og námsins.
- Kennarar koma fram við nemendur af virðingu og jákvæðni.
- Forsjáraðilar hafa jákvætt viðhorft til skólans og hafa trú á gæðum listdansnámsins.

Tækifæri til umbóta

- Skrá ferli við lausn ágreinings eineltismála.
- Gæta þess að varðveisla persónuupplýsinga fari að lögum.
- Óska eftir í ráðningarsamningum að leyfi sé veitt til að fá upplýsingar úr sakaskrá einstaklinga.
- Leita formlega og reglulega eftir hugmyndum foreldra um sýn og stefnu skólans.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Nám, inntak og skipulag kennslu

Kennsla í Listdansskóla Íslands beinist að því að þjálfa nemendur í líkamlegri færni og þroska þá sem sjálfstæða og skapandi einstaklinga í samræmi við markmið aðalnámskrár. Fjölbreyttar kennsluaðferðir sjást í vettvangsathugunum og kennslan, ekki síst á fyrstu stigum, er brotin upp með leikjum, spuna og dansi. Kennsluáætlanir liggja fyrir og fengu matsaðilar þær í hendur fyrir vettvangsathugun.

Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Samskipti kennara við nemendur eru uppbyggileg og hvetjandi og kennarar eru meðvitaðir um hlutverk sitt sem fyrirmyndir.

Inntökuskilyrði, uppbygging náms og námsmat

Nemendur hefja að jafnaði nám við níu ára aldur og þreyta þá inntökupróf sem grundvallast meðal annars á líkamlegu stöðumati, samhæfingu hreyfinga og skynjun tónlistar. Stúlkum er kennd tásókætækni frá 12 ára aldri en í stað þess fá drengir sérstaka hóptíma meðal annars styrktaræfingar.

Stöðumat fer fram í lok hverrar annar og fá nemendur skriflega umsögn. Ekki er um formleg foreldrasamtöl að ræða en að sögn skólustjóra eru kennarar og stjórnendur alltaf til viðtals eftir þörfum. Fyrir „Covid“ var foreldrum boðið að koma og fylgjast með þegar stöðumat/próf fór fram á fyrri önn og býst starfsfólk við að slíkt verði tekið upp aftur.

Nemendur á öllum stigum læra og æfa mismunandi dansa fyrir tvær nemendasýningar á ári, fyrir jól og að vori. Auk þess eru fulltrúar skólans valdir til þátttöku í ýmsum aukaverkefnum og jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Unglist og Barnamenningarhátíð eru fastir liðir í skólastarfinu. Nemendur vinna í samvinnu að sínum eigin hópdans/atríði, með aðstoð kennara fyrir jólaskemmtun skólans eða litlu jólin.

Agi, velferð og líðan nemenda

Hagur og velferð nemenda er leiðarljós í starfi listdansskólans. Á vettvangi kom fram að faglegur agi er til staðar og reglur um viðeigandi hegðun skýrar. Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum. Í rýnihópi nemenda kom fram að þeim líður vel í skólanum og hafa jákvæð viðhorf til hans. Að sögn nemenda er auðvelt að koma skoðunum sínum á framfæri, hvort sem er til kennara eða stjórnenda. Síðastliðið haust sendi skólinn út rafræna könnun til forsjáraðila og nemenda en ekki er búið að vinna með og birta niðurstöður.

Að sögn skólustjóra er í undirbúningi að stofna nemendaráð við skólann. Nemendur eru búnir að kjósa fulltrúa, þar með ættu þau að fá frekara tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri.

Styrkleikar

- Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg á vettvangi.
- Samskipti kennara við nemendur eru uppbyggileg og jákvæð.

- Stjórn nemendahópa er góð.
- Nám og efnisatriði í kennslu námsþátta er í samræmi við lýsingar í aðalnámskrá.
- Stöðupróf fara fram reglulega.
- Klassískur ballet er meginundirstaða náms á öllum stigum.
- Nemendur koma reglulega fram á danssýningum.
- Nemendur fá kennslutíma í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár.
- Nemendur eru jákvæðir gagnvart námi sínu og virkir í kennslustundum.
- Nemendum líður vel í skólanum.

Þáttur 3 – Innra mat

Innra mat skólans byggir fyrst og fremst á símati kennara. Í lok annar eru stöðupróf þar sem námsmat er skilgreint á þann hátt að 40% er einkunn prófdómara, 40% er einkunn kennara og svo gildir mæting 20%. Að sögn kennara í rýnihópi eru nokkrir þeirra sem gera sjálfsmat með nemendum og einnig fengu matsaðilar dæmi um jafningjamat þar sem nemendur gera æfingar tveir og tveir saman og ræða svo sín á milli hvernig til hefur tekist.

Að sögn skólastjóra voru rafrænar kannanir sendar bæði til forsjáraðila og nemenda núna á haustönn og er úrvinnsla þeirra langt komin.

Viðauki

Gæðaviðmið listdanskóla haustið 2022

Úttekt á listdansskólum - verkefnislýsing

Um er að ræða úttekt á framkvæmd grunnnáms í listdansi í þeim listdansskólum sem notið hafa fjárstuðnings ráðuneytisins vegna grunnnáms í listdansi sl. ár: Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar, Listdansskóli Íslands, Danslistarskóli JSB, Klassíski listdansskólinn og Óskandi. Ætlunin er meðal annars að nýta niðurstöður í undirbúningsvinnu við framtíðarskipan alls listnáms á grunnstigi.

Markmið úttektar er að kanna gæði grunnnáms í listdansi í þeim listdansskólum sem notið hafa stuðnings ráðuneytisins vegna kennslu á grunnstigi með því að kortleggja m.a. gæði náms, inntak m.t.t. aðalnámskrár, framsetningu markmiða og mats, kennsluáætlana og aðstöðu nemenda og kennara.

Úttektin á að vera framkvæmd með spurningalistum til skólasamfélagsins alls, vettvangsheimsóknnum og rýnivíðtölum:

- Spurningakannarir: Forsjáraðilar og nemendur (Kennarar innan hvers skóla væntanlega of fáir til að tryggja að svör þeirra séu ekki persónugreinanleg)
- Viðtal: Skólastjórnendur. Ath. upptaka viðtals með leyfi.
- Rýnihópur: Kennarar, stjórn foreldrafélagsins, nemendur. Ath. Upptaka rýnihópa með leyfi.

Verkpættir úttektar: Aðalnámskrá listdansskóla, grunnnámshluti. Skólanámskrár viðkomandi skóla og framsetning markmiða. Námsgögn og námsmat. Kennsluáætlanir. Mannauður, menntun og starfsreynsla. Aðstaða og aðbúnaður kennara og nemenda. Inntökuskilyrði viðkomandi skóla. Skólabragur, samskipti, líðan og agi. Foreldrasamstarf.

Viðmiðin ná yfir alla verkpætti nema taka þarf sérstaklega saman menntun og starfsreynslu þeirra sem starfa í skólunum, einnig starfsaldur í viðkomandi .

Í upphafi matsins: Fá upplýsingar frá skólunum um menntun og starfsaldur kennara. Fá senda skólanámskrá og önnur gögn, s.s. niðurstöður innra mats og upplýsingar um foreldrafélagið.

1 Stjórnun og fagleg forysta

1.1 Stjórnun, stefnumótun, forysta

Viðmið um gæðastarf

Skólastjóri stjórnar starfsemi listdansskólans, ber ábyrgð á henni og veitir faglega forystu. Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og störf stjórnenda eru farsæl. Daglegt starf er vel skipulagt. Skólastjóri hefur miklar væntingar til náms nemenda. Hann hvetur til faglegs samstarfs og samræðu kennara um nám og kennslu og skipulag auðveldar slíkt samstarf. Skólastjóri vinnur markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Hann lætur sér annt um velferð starfsfólks, hvetur það og styður í að efla sig faglega og veitir markvissa endurgjöf á störf. Mat á árangri og störfum fer fram reglulega og niðurstöður þess eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs. Skólastjóri miðlar niðurstöðum mats og sér til þess að samræður eigi sér stað um þróun og umbætur starfsins. Hann tryggir að sjónarmið kennara, nemenda og foreldra nái fram og að á þau sé hlustað. Skólastjóri byggir upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum. Skólastjóri sér til þess að foreldrafélag eða foreldraráð sé starfandi við skólann. Ágreiningur, ef upp kemur er leystur og leitast er við að leysa hann innan skólans. Skólastjóri gætir þess að skrá feril máls og halda gögnum til haga. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu og/eða öðrum samfélagsmiðlum. Húsnæði tekur mið af forsendum listdanskennslu. Umhverfi nemenda er öruggt, heilnæmt og vistvænt og vinnuaðstaða góð. Kennslusalir eru með hentugu dansgólfi og góðri lofthæð. Þeir eru búnir speglavegg og ballettstöngum meðfram veggjum og hæfa hæð nemenda. Í kennslusölum eru hljómflytningstæki auk tækjakosts til að sýna myndbönd og mynddiska. Góð lýsing og loftræsting er í kennslusölum. Búningsaðstaða og sturtur eru fyrir nemendur og kennara.

* Verklag sem er öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

- A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
- B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- C Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti, einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta.
- D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
Regluleg gagnaöflun meðal nemenda og foreldra sýnir jákvætt viðhorf til stjórnenda.				
Kennarar eru sáttir við hvernig daglegt starf er skipulagt				
Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og mögulega verður við komið.				
Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar og ígrundun fer fram.				
Við stjórnun er lögð áhersla á jákvæð samskipti.				
Starfsfólk finnur að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.				
Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf.				
Reglulega er metið hvernig tekist hefur að ná markmiðum aðalnámsskrár og staðbundnum markmiðum skólans út frá því kennslukerfi sem notað er.				
Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.				
Kennarar eru hvattir til starfsþróunar.				
Réttindi og skyldur starfsmanna eru skráðar og kynntar viðkomandi.				
Skólastjóri rættar samskipti við nemendur, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi.				
Foreldraráð/foreldrafélag fundar reglulega og tekur virkan þátt í skólastarfinu.				
Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk.				
Þegar upp kemur ágreiningur er ferill máls skráður.				
Skólastjóri sér til þess að upplýsingum og fréttum af starfinu sé miðlað, s.s. á heimasíðu, samfélagsmiðlum eða með tölvupósti.				
Gætt er að varðveislu persónuupplýsinga og þær varðveittar í öruggu skjalavistunarkerfi.				
Starfsmönnum og öllum verktökum sem að skólastarfinu koma eru reglulega kynnt lög um persónuvernd og trúnað. (gætt er að því að sækja upplýsingar í sakaskrá).				
Verklag um ferli eineltismála er til staðar og það reglulega kynnt.				
Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsfólks til barnaverndarnefnda er til staðar. ¹				
Skólinn er í samstarfi, formlegu eða óformlegu, við aðra listdansskóla og við skóla á næsta skólastigi.				
Skólinn hefur sett sér stefnu um jákvæða líkamsímynd og líkamsvirðingu samkvæmt aðalnámsskrá listdanskóla.				

¹ Barnaverndarlög nr. 80/2002 17. gr.

1.2 Skólanámskrá

Viðmið um gæðastarf

Unnin hefur verið skólanámskrá þar sem fram kemur markmið náms og fyrirkomulag skóla-
starfsins. Námskráin er opinber og uppfærð reglulega. Í skólanámskrá er námið útfært í sam-
ræmi við markmið aðalnámskrár fyrir listdans ásamt því sem þar eru sett fram sérhæfð og
staðbundin markmið skólans með listdanskennslu. Í námskránni kemur fram skipulag og til-
högun náms og kennslu og hvernig skólinn ætlar að tryggja að nemendur nái settum mark-
miðum. Tilgreint er hvaða kennslukerfi skólinn styðst við og gerð grein fyrir fyrirkomulagi og
tímasókn hvers stigs eða aldurshóps. Gerð er grein fyrir hvernig framvindu náms er háttað,
hvernig nemandi færist á milli hópa og hvernig námsmat fer fram. Fjallað er um fyrirkomu-
lag nemendasýninga og reglur varðandi búninga og myndatökur á sýningum. Fyrirkomulag
og verksvið foreldrafélags skólans er tilgreint. Reglur fyrir nemendur hafa verið mótaðar og
eru birtar í skólanámskrá. Í þeim er fjallað um skólasókn og hvernig brugðist er við frávikum
frá eða brotum á reglum um skólasókn. Í skólanámskrá er fjallað um réttindi og skyldur og
tilgreint verklag við meðferð ágreiningsmála sem upp kunna að koma, s.s. varðandi niður-
stöður námsmats og prófa.

* Verklag sem er öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

- A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
- B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- C Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti, einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta.
- D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
Skólanámskrá skólans er nýlega uppfærð og opinber.				
Gerð er grein fyrir inntökuskilyrðum í skólanámskrá.				
Markmið náms eru greinargóð og byggja á aðalnámskrá.				
Skólinn hefur sett fram sérhæfð og staðbundin markmið sem birt eru skólanámskrá.				
Markmið skólans eru í samræmi við kennslu- og tæknikerfi sem skólinn byggir á.				
Fjallað er um skipulag og tilhögun náms og kennslu.				
Fjallað er um leiðir sem eru farnar til að nemendur nái settum markmiðum.				
Fyrirkomulag og tímasókn hvers stigs/aldurshóps er tilgreint.				
Gerð er grein fyrir hvernig framvindu náms er háttað.				
Fjallað er um hvernig nemandi færast á milli hópa.				
Fram kemur hvernig staðið er að námsmati.				
Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.				
Fyrirkomulag nemendasýninga er tilgreint, þ.m.t. reglur varðandi búninga og myndatökur.				
Fyrirkomulag og verkvið foreldrafélags er tilgreint.				
Fjallað er um reglur skólans.				
Í reglum fyrir nemendur koma fram reglur um klæðnað, hárgreiðslu, skóbúnað, mætingu, stundvísi og reglur um frí.				
Reglur eru skýrar og nemendur og foreldrar þekkja þær				
Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála liggja fyrir og unnið er eftir þeim.				
Umhverfi nemenda er öruggt, heilnæmt og vistvænt, þ.m.t. góð loftræsting og lýsing.				
Fylgst er með því að aðbúnaður skóla sé öruggur.				
Rýmingaráætlun er sýnileg og kennarar og nemendur þekkja hana.				

1.3 Skólabragur og mannauður

Viðmið um gæðastarf

Kennarar (leiðbeinendur) starfa í anda aðalnámskrár listdanskólans og áherslna í skólanámskrá listdanskólans. Þeir sýna starfinu áhuga og eru metnaðarfullir. Kennarar koma vel fram og taka tillit til annarra. Þeir sýna frumkvæði og taka ábyrgð í daglegu starfi og viðhorf til viðfangsefna eru lausnarmiðuð. Kennarar eru meðvitaðir um einkenni þess aldurshóps sem þeir vinna með. Þeir nálgast nemendur á jákvæðan hátt og sýna umhyggjusemi og þolinmæði. Þeir eru meðvitaðir um mikilvægi þess að vera samkvæmir sjálfum sér og nemendum góðar fyrirmyndir. Kennarar hafa trú á gæðum listdanskólans. Þeir eru ánægðir í starfi og upplifa sig sem hluta af starfsmannahóp. Kennarar og aðrir starfsmenn eru ánægðir með starfsumhverfið, vinnuaðstöðu og upplýsingaflæði.

* Verklag sem er öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti, einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
Kennarar þekkja aðalnámskrá listdanskólans og starfa í anda hennar.				
Áherslur í skólanámskrá endurspeglast í kennsluháttum.				
Kennarar hafa góða þekkingu á því kennslu- og tækni kerfi sem skólinn styðst við eftir því sem við á. ²				
Kennarar hafa góða þekkingu á öðrum aðferðum og dansstílum sem námið byggir á eftir því sem við á. ³				
Kennarar sinna starfsþróun				
Viðhorf til viðfangsefna eru lausnarmiðuð.				
Kennarar koma fram við nemendur af virðingu og umhyggju og samskipti eru jákvæð.				
Kennarar eru nemendum góðar fyrirmyndir.				
Kennarar hafa trú á gæðum skólans og námsins.				
Kennarar eru ánægðir og þeim líður vel í starfi.				
Kennurum er hrósað þegar við á.				
Vinnuaðstaða er góð að mati kennara.				
Kennurum finnst þeir fá nauðsynlegar upplýsingar frá stjórnendum.				

² Á við um kennara sem kenna klassískan ballett.

³ Á við um kennara sem kenna aðra dansstíla en klassískan ballett.

1.4 Samstarf við forsjáraðila nemenda

Viðmið um gæðastarf

Litið er á forsjáraðila sem samstarfsaðila og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra og þau virt við ákvarðanatöku. Samstarf heimila og listdansskóla er gott og byggist á samábyrgð, gagnkvæmri upplýsingamiðlun, virðingu og trausti. Forsjáraðilar taka virkan þátt í að byggja upp gott skólastarf og skapa jákvæðan skólabrag. Forsjáraðilar hafa gott aðgengi að starfsfólki og samskipti einkennast af trausti og gagnkvæmri virðingu. Forsjáraðilar eru ánægðir með skólann og hafa trú á gæðum danskennslunnar. Þeir bara traust til stjórnenda og kennara. Forsjáraðilar þekkja námskrá skólans og nota hana til að afla sér upplýsinga um nám barna sinna.

* Verklag sem er öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

- A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
- B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- C Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti, einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta.
- D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
Forsjáraðilar hafa jákvætt viðhorf til skólans.				
Forsjáraðilar hafa trú á gæðum listdansnámsins.				
Forsjáraðilar eru ánægðir með samstarf og viðmót starfsfólks.				
Ábendingum frá forsjáraðilum er vel tekið.				
Reglulega er leitað eftir sjónarmiðum forsjáraðila um skólastarfið.				
Samskipti forsjáraðila við skólastjóra og kennara ganga greiðlega.				
Forsjáraðilar eru ánægðir með upplýsingamiðlun frá skólanum.				
Forsjáraðilar taka virkan þátt í skólastarfinu og í atburðum á vegum skólans.				
Forsjáraðilar bera traust til stjórnenda og kennara.				
Forsjáraðilar þekkja námskrá skólans og nota hana til að afla sér upplýsinga.				

2 Nám og kennsla

2.1 Nám og kennsla

Viðmið um gæðastarf

Kennsla í listdansi beinist að því að þjálfa nemendur í líkamlegri færni og þroska þá sem sjálfstæða og skapandi einstaklinga í samræmi við markmið aðalnámskrár. Kennarar tileinka sér fjölbreyttar kennsluaðferðir og brjóta upp kennsluna með leikjum, spuna og dansi, einkum á fyrstu stigum námsins. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og stjórn nemendahóps. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Á fyrstu stigum námsins er sýnikennsla allsráðandi. Stuðst er við lýsingar í aðalnámskrá á námi og efnisatriðum í kennslu í hverjum námsþætti.

Nemendur fá tækifæri til að njóta dansins og dansgleðinnar. Jákvæð hvatning, viðurkenning og vellíðan nemenda er í fyrirrúmi. Fjöldi nemenda í danstímum er viðráðanlegur til að kennari geti sinnt hverjum og einum. Hverjum nemanda er veitt sérstök athygli og kennarar eru næmir á þroska, færni og líðan nemenda. Samskipti kennara við nemendur einkennast af fagmennsku.

* Verklag sem er öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

- A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
- B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- C Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti, einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta.
- D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg í vettvangsathugunum.				
Í vettvangsathugunum er sýnilegt að kennarar eru góðar fyrirmyndir, sýna vönduð vinnubrögð og fara eftir reglum um útfærslu hreyfinga.				
Fjölbreyttar kennsluaðferðir sjást í vettvangsathugunum.				
Kennsla á fyrstu stigum er brotin upp með leikjum, spuna og dansi.				
Kennsluáætlanir liggja fyrir.				
Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur.				
Sýnikennsla er notuð, einkum á fyrstu stigum.				
Samskipti kennara við nemendur eru uppbyggileg og hvetjandi.				
Kennarar eru meðvitaðir um hlutverk sitt sem fyrirmyndir.				
Stjórn nemendahópa er góð.				
Nám og efnisatriði í kennslu námsþátta er í samræmi við lýsingar í aðalnámskrá.				
Hverjum nemanda er veitt sérstök athygli.				
Fjöldi nemenda í danstímum er viðráðanlegur til að kennari geti sinnt hverjum og einum.				

2.2 Inntökuskilyrði, uppbygging náms og námsmat

Viðmið um gæðastarf

Nemendur hefja að jafnaði nám við 9 ára aldur. Nemendur þreyta inntökupróf sem grundvallast á líkamlegu stöðumati, samhæfingu hreyfinga, skynjun tónlistar, hæfileika til að sýna dansgleði og færni til að taka framförum í dansi.

Kennsla fer fram á öllum stigum grunnnáms. Í lok 3. og 7. stigs eru þreytt formleg stöðupróf. Klassískur ballet er meginundirstaða náms á öllum stigum og er kennt út frá viðurkenndum kennslu- og tæknikerfum. Stúlkum er kennd klassísk tás্কótækni frá 12 ára aldri (frá 4. stigi) og stigþyngjast æfingar eftir getu nemenda. Drengir fá í stað kennslu í tás্কótækni sértíma í liðkunar- og styrktaræfingum. Dansverk (repertoire), þjóðdansar og karakterdansar er hluti af námi nemenda. Í spuna fá nemendur tækifæri til að virkja sköpunarhæfileika sína. Nútímalistdans og djaszdans er hluti af námi nemenda (a.m.k. á 6. og 7. stigi). Nemendur koma fram á danssýningum a.m.k. einu sinni á ári. Nemendur fá kennslutíma í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár.

Námsmat byggist á leiðsagnarmati (símati) og einnig er geta nemenda könnuð við lok hvers stigs. Við námsmat er stuðst við aðalnámskrá listdansskóla og þau áfanga- og lokamarkmið sem þar koma fram.

* Verklag sem er öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.

B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti, einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta.

D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
Nemendur þreyta inntökupróf sem grundvallast á þáttum sem tilgreindir eru í aðalnámskrá.				
Kennsla fer fram á öllum stigum grunnnáms.				
Stöðupróf fara fram reglulega.				
Klassískur ballet er meginundirstaða náms á öllum stigum.				
Kennt er út frá viðurkenndum kennslu- og tæknikerfum.				
Skólinn fylgir aðhaldi, kröfum, gæðamati og tímalínunum þess kennslu- og tæknikerfis sem stuðst er við og gerðar eru kröfur um.				
Stúlkum er kennd tás্কótækni frá 4. stigi.				
Æfingar stigþyngjast eftir getu nemenda.				
Eðlileg samfella er í námi nemenda í samræmi við það kennslu- og tækni-kerfi sem notað er.				
Drengir fá í stað tás্কótækni sértíma í liðkunar- og styrktaræfingum – spor eða æfingar sem einungis strákar gera.				
Dansverk (repertoire), þjóðdansar, karakterdansar og spuni eru hluti af námi allra nemenda.				
Núttímalistdans og djassdans er hluti af námi nemenda á 6. og 7. stigi.				
Nemendur koma reglulega fram á danssýningum.				
Nemendur fá kennslutíma í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár.				
Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemanda og nemendahópa og hann skráður.				
Námsmat á sér stað við lok hvers stigs.				
Við námsmat er stuðst við aðalnámskrá listdanskóla og þau áfanga- og lokamarkmið sem þar koma fram.				
Við námsmat er stuðst við áfanga- og lokamarkmið þess kennslu- og tæknikerfis sem skólinn styðst við.				
Utanaðkomandi sérfræðingar og/eða aðrir kennarar, en koma að kennslu nemandans, koma að stöðumati (lok 3ja og 7unda stigs).				
Haldin er skráning um mætingu nemenda og brugðist er við frávikum frá skólasókn.				

2.3 Agi, velferð og líðan nemenda

Viðmið um gæðastarf

Velferð og hagur nemenda er leiðarljós í starfi listdanskólans. Faglegur agi er til staðar við nám nemenda í kennslustundum og reglur um viðeigandi hegðun skýrar. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendur eru áhugasamir og þeim líður vel í skólanum. Viðhorf þeirra til skólans og námsins er jákvætt. Markvisst er leitað eftir sjónarmiðum nemenda um námið, líðan og aðstæður í skólanum. Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda.

* Verklag sem er öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

- A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
- B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- C Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti, einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta.
- D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.				
Faglegur agi er til staðar við nám nemenda í kennslustundum.				
Reglur um viðeigandi hegðun í kennslustundum eru skýrar.				
Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.				
Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og aðstæður í skólanum.				
Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda.				
Nemendum líður vel í skólanum.				
Viðhorf nemenda til skólans og námsins er gott.				

4 Góð greinargerð um innra mat lýsir: (1) tengslum við stefnu og markmið skólanámskrár, (2) tilgangi matsins, (3) aðferðum við framkvæmd þess og þáttakendum, (4) viðmiðum, (5) helstu niðurstöðum og (6) greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

3 Innra mat

3.1 Skipulag, framkvæmd, umbætur

Viðmið um gæðastarf

Skipulag:

Unnið er með innra mat í skólafarfinu. Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt og sjálfsagt. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt, bæði árangur þess og gæði. Val matsþátta byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum og er því skiljanlegt hagsmunaaðilum og utanaðkomandi. Skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að og eru þau birt (s.s. í matsáætlun/starfsáætlun/skólanámskrá og aðalnámskrá)

Framkvæmd

Nám og kennsla er metið reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir. Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á.

Umbætur

Greinargerðir⁴, sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar. Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Niðurstöður innra og ytra mats eru formlega kynntar hagsmunaaðilum og þeir taka virkan þátt í samræðum um umbætur. Tímasett áætlun um umbætur er gerð og henni er fylgt eftir með skipulögðum hætti. Í áætluninni kemur fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum og hvenær og hvernig árangur er metinn. Matsniðurstöður hafa með skýrum hætti áhrif á starfshætti og skólinn getur sýnt fram á umbætur sem eru raktar til innra mats.

* Verklag sem er öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði.

- A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
- B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- C Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti, einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta.
- D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
Innra mat er álitíð mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu.				
Í skólanámskrá er umfjöllum um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.				
Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.				
Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram með einhverjum hætti reglulega, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.				
Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.				
Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.				
Byggðar hafa verið upp gagnaöflunarleiðir er hæfa þörfum skólans.				
Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólastarfsins.				
Niðurstöður úr innra og ytra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.				
Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.				
Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.				



MENNTAMÁLASTOFNUN

2381